

FRÉTTABRÉF

Upplýsingar fyrir foreldra um spjaldtölvuverkefnið

Upplýsingavefur


Hægt er að nálgast upplýsingar um spjaldtölvuverkefnið á vefnum. Slóðin er spjaldtolvur.kopavogur.is og þar er greint frá markmiðum, skilmálum og tímasetningum, auk fjölda leiðbeininga og svara við algengum spurningum. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið spjaldtolvur@kopavogur.is

Samfélagsmiðlar

Hægt er að fylgjast með ýmsu í tengslum við innleiðinguna á samfélagsmiðlum. Á Facebook er síðan "Spjaldtölvuvæðing í grunnskólum Kópavogs" og einnig má fylgjast með á Twitter og Instagram, flettið þar upp á "Kopspjöld"

Foreldrafélög

Nýverið funduðu fulltrúar foreldrafélaga með verkefnastjóra spjaldtölvuinnleiðingar með það að markmiði að efla samskipti og upplýsingagjöf. Aftur verður fundað fljótlega eftir næstu afhendingu nemendatækja og einnig mun fulltrúi Samkóp framvegis sitja í verkefnahópi sem fundar mánaðarlega.



Afhending áætluð í janúar

Öllum nemendum í sjötta og sjöunda bekk verða afhentar spjaldtölvur til einkanota eftir áramótin. Áætlað er að tækin berist til landsins um miðjan mánuð og verður þá fljótlega hafist handa. Gert er ráð fyrir að afhendingarferlið taki um tvær vikur og munu nemendur fá tækin í hendur nokkrum sinnum, læra á helstu stillingar og virkni áður en þau verða formlega tekin í notkun og nemendur fara með þau heim.

Áður en spjaldtölvurnar eru afhentar nemendum er afar mikilvægt að foreldrar séu vel upplýstir og var því boðað til kynningarfunda í öllum skólum dagana 8.-10. desember. Fundirnir verða endurteknir eftir áramótin fyrir þá sem ekki gátu komist.

Missið ekki af mikilvægum upplýsingum!





Námsappið Keywe prófað í Kópavogi

Á vordögum var undirritað samkomulag um að nýtt íslenskt námsapp yrði prófað samhliða innleiðingu spjaldtölva í Kópavogi. Appið, sem nefnist KeyWe, gagnast nemendum á fjölbreyttan hátt til að halda utan um:

- Námsefni
- Áhugamál
- Hugmyndir

Appið hjálpar nemendum að muna efnið og kalla það fram með því að umbreyta því í leiki.

Á þessu skólaári munu nemendur í Smáraskóla prófa appið á meðan aðrir skólar fylgjast spenntir með.

Á myndinni eru Björg Baldursdóttir, starfandi skólastjóri Smáraskóla og Ólafur Stefánsson, höfundur appsins, nýbúin að undirrita samkomulagið.

Forritunarvikan - Hour of Code

Alþjóðlega forritunarvikan fór fram í desember og er ánægjulegt að segja frá því að allir grunnskólarnir í Kópavogi tóku þátt að þessu sinni.

Markmið forritunarvikunnar er að nemendur kynnist forritun og er boðið upp á verkefni sem henta öllum aldurshópum. Sumir skólar brugðu á það ráð að fela eldri nemendum með spjaldtölvur það verkefni að kenna þeim yngri.

Kunnátta í forritun er mikilvægt veganesti fyrir nemendur, hvaða starfsvettvang sem þau svo velja sér. Eitt af markmiðum spjaldtölvuverkefnis grunnskóla er einmitt að nemendur læri að nýta sér tæknina í stað þess að neyta hennar eingöngu.



Kynningarfundir fyrir foreldra nemenda í 6. og 7. bekk

Mikilvægt er að allir foreldrar komi á kynningarfund áður en spjaldtölvur verða afhentar nemendum. Tveir fundir voru haldnir í hverjum skóla fyrir jóla og til þess að enginn missi af þeim mikilvægu upplýsingum sem þar koma fram verða fundirnir endurteknir fyrir þá sem ekki komust, dagana 12. til 14. janúar. Nánari upplýsingar munu berast frá skólunum.